Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Vakin er athygli á að heimilt er að ráða ófagmenntað fólk til tímabundinna afleysingastarfa ef ekki sækja um fagmenntaðir einstaklingar.

Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulipurð, góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og hæfni til að starfa í hóp eru nauðsynlegir eiginleikar. Góð staðarþekking og aukin menntun sem nýtist í starfi er kostur. Vakin er athygli á því að engann má ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti eða sýnt af sér háttsemi sem rýrt getur það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá eða málaskrá lögreglu, sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn, í síma 444 0404 eða í netfangið hlynur.snorrason@logreglan.is eða Jónatan Guðbrandsson aðstoðaryfirlögregluþjónn í síma 444 0433 eða netfangið jg02@logreglan.is.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is undir liðnum eyðublöð.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum,

Karl Ingi Vilbergsson.

(2020013409

Útgáfud.: 19. júní 2020

Tvö embætti dómara við Landsrétt laus til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar tvö embætti dómara við Landsrétt. Stefnt er að því að skipa í embættin hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum,

3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka

starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóna í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefnar fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 6. júlí nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,

19. júní 2020.

(2020013417

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarlind 4, Kópavogi á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: Skiptafundur:

Hollywood Trendy Fashion ehf., 26. júní 2020,
kt. 521015-1790, kl. 11.00
Fjarðargötu 13 - 15,
Hafnarfirði

Kópavogi, 12. júní 2020.

Pétur F. Gíslason lögmaður.

(2020013308

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Til fundarins er boðað til að gera grein fyrir stöðu búskipta og

helstu ráðstöfunum skiptastjóra frá síðasta skiptafundi. Þá verður farið yfir kröfuskrá með áorðnum breytingum og yfirlit yfir efnahag og rekstur þrotabúsins.

Þrotabúi, nafn: **Skiptafundur:**

Guðmundur A. Birgisson, 30. júní 2020,
kt. 010761-2049, kl. 14.00

síðasta heimilisfang:

Núpum 3, Sveitarfélaginu
Ölfusi

Reykjavík, 12. júní 2020.

F.h. Erlu S. Árnadóttur hrl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2020013413

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tjarnargötu 4, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús: **Skiptafundur:**

Servo ehf., 6. júlí 2020,
kt. 660816-1780, kl. 09.00
Nóatúni 17, Reykjavík

Reykjavík, 15. júní 2020.

Guðni Á. Haraldsson hrl.

(2020013484

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúli 4-6, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: **Skiptafundur:**

Demos ehf., 20. júlí 2020,
kt. 481106-0600, kl. 11.00
Funafold 60, Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2020.

Jón Stefán Hjaltalín
lögmaður.

(2020013488

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 182, 3. hæð, Reykjavík, ADVEL lögmönnum á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn..

Þrotabúi, nafn: **Skiptafundur:**

Svart á hvítu ehf., 30. júní 2020,
kt. 410481-0149, kl. 15.00
síðasta heimilisfang:
Skógarhlíð 6, Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2020.

F.h. Ragnheiðar
Þorkellsdóttur,
Sigurður Rúnar Birgisson
lögmaður.

(2020013508

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Höfðabakka 9, 6. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: **Skiptafundur:**

Tréhús ehf., 8. júlí 2020,
kt. 591213-1720, kl. 10.00
Arnarhöfða 8, Mosfellsbæ

Reykjavík, 16. júní 2020.

F.h. Flóka Ásgeirssonar
lögmanns,
Sigríður Dagbjört
Ásgeirsdóttir lögmaður.

(2020013578

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

kr. 2.293.726

Bixar ehf.,
kt. 700806-1620,

Reykjavík, 11. júní 2020.
F.h. Reynis Karlssonar
lögmanns,
Helga Reynisdóttir
lögmaður.

(2020013126

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Canadapro ehf., kt. 660215-2120, Hátúni 6a, Reykjavík	kr. 5.970.508

Kópavogi, 9. júní 2020.
Ágúst Karl Karlsson
lögmaður.

(2020013148

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 5. desember 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 2. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
MHG ehf., kt. 650117-1660,	Forgangskröfur: 399.733 krónur. Almennar kröfur: 5.296.024 krónur. Eftirstæðar kröfur: 135.780 krónur

Reykjavík, 10. júní 2020.
F.h. Bernhards Bogasonar
lögmanns,

Sigmar Páll Jónsson,
lögmaður.

(2020013314

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Skyndibílar ehf., kt. 660809-0820, Fannafold 77, Reykjavík	kr. 3.694.385.

Kópavogi, 9. júní 2020.
Ágúst Karl Karlsson
lögmaður.

(2020013326

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Alþjóðaviðskipti ehf., kt. 691102-2380, Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði	kr. 24.881.578

Reykjavík, 11. júní 2020.
Eggert B. Ólafsson
lögmaður.

(2020013328

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29.

maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Raftækjaverslun Kópavogs kr. 2.155.305 ehf.,
kt. 470611-1380,

Reykjavík, 11. júní 2020.

Sævar Þór Jónsson
lögmaður.

(2020013384

Útgáfud.: 18. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 1. febrúar 2017 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Þyngslalöpp ehf.,
kt. 690605-3170,
Skúlagötu 17, Borgarnesi

kr. 6.442.710

Reykjavík, 11. júní 2020.

Eggert B. Ólafsson
lögmaður.

(2020013385

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Rauð vín ehf.,
kt. 430899-2449,
Klapparstíg 30, Reykjavík

2.986.627 kr.

Reykjavík, 5. júní 2020.

María Klara Jónsdóttir hdl.

(2020013389

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

H-Karlarnir ehf.,
kt. 410206-1530,
Katrínartúni 2, Reykjavík

kr. 11.622.225

Reykjavík, 12. júní 2020.

Smári Hilmarsson hdl.

(2020013390

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. janúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. apríl 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Draft ehf.,
kt. 580208-0880,

Heildarfjárhæð lýstra krafna
9.580.852 kr.

Reykjavík, 4. júní 2020.

F.h. Ágúst Karl
Guðmundsson,
Baldvin Hugí Gíslason.

(2020013393

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 2. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla

fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

NA vélar ehf.,
kt. 420916-0860,
Kambaseli 4, Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2020.

F.h. Erlu S. Árnadóttur,
Steinunn Pálmadóttir.

(2020013394

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Þórir Egilsson,
kt. 110481-4979,

Reykjavík, 5. júní 2020.

Haukur Freyr Axelsson
hdl.

(2020013395

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Fjöltnir Már Geirsson,
kt. 040480-3159,
Vesturbraut 4, Hafnarfirði

Reykjavík, 5. júní 2020.

F.h. Stefáns Orra Ólafssonar,
Steinunn Pálmadóttir.

(2020013396

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Hova ehf.,
kt. 670209-0670,

kr. 5.415.974

Reykjavík, 5. júní 2020.

Haukur Freyr Axelsson
hdl.

(2020013400

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 11. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Lagna Víkingar ehf.,
kt. 460709-0320,
Skógarseli 21, Reykjavík

Kr. 9.692.957, allt almennar
og eftirstæðar kröfur.

Kópavogi, 12. júní 2020.

Pétur F. Gíslason
lögmaður.

(2020013403

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. janúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. apríl 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:AG Verkefni ehf.,
kt. 560614-0630,**Lýstar kröfur:**Heildarfjárhæð lýstra krafna
9.908.021

Reykjavík, 4. júní 2020.

F.h. Ágúst Karl
Guðmundsson,
Baldvin Hugí Gíslason.

(2020013412

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. maí 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 26. maí 2020.

Nafn bús:Viking Travel slf,
kt. 490410-0660,
Garðhúsum 6, Reykjavík**Lýstar kröfur:**

2.431.430 kr.

Reykjavík, 4. júní 2020.

Styrmir Gunnarsson.

(2020013415

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:M41 ehf.,
kt. 650618-0170,
Arnarsmára 28, Kópavogi**Lýstar kröfur:**

9.932.013 kr.

Reykjavík, 5. júní 2020.

F.h. Stefáns Orra Ólafssonar,
Steinunn Pálmadóttir.

(2020013416

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 3. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:Vörudreyfingarþjónustan
ehf.,
kt. 500611-3160,
Katrínarlind 1, Reykjavík**Lýstar kröfur:**

kr. 7.762.758

Reykjavík, 12. júní 2020.

Smári Hilmarsson hdl.

(2020013418

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. janúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. apríl 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:SCENIC ehf.,
kt. 540416-0870,
Hverfisgötu 61, Hafnarfirði**Lýstar kröfur:**Ein krafa barst í búið, samtals
að fjárhæð kr. 7.411.319 kr.
skv. 113. gr.
gjaldþrotaskiptalaga nr.
21/1991.

Reykjavík, 5. júní 2020.

Arnar Ingi Ingvarsson
lögmaður.

(2020013425

Útgáfud.: 19. júní 2020

Skiptalok

Bú Kaupfélags Norður-Þingeyinga, kt. 680169-2339, var tekið til skipta með úrskurði skiptaráðandans í Þingeyjarsýslu uppkveðnum 29. júní 1990.

Skiptum lauk á skiptafundi þann 29. desember 1995 með úthlutunargerð, sbr. 160. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skiptin voru endurupptekin samkvæmt 164. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með ákvörðun héraðsdóms Norðurlands eystra þann 25. október 2019.

Tilefni endurupptökunnar var inneign búsins á bankareikningi að fjárhæð kr. 1.952.461, sem héraðsdómi var tilkynnt um í október 2019. Skiptastjóri ákvað skiptafundi í dag, 12. júní 2020, að ljúka skiptum, skv. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 164. gr. laga gjaldþrotaskipti o.fl., með því að greiða framangreinda fjárhæð í ríkissjóð, að fráðregnum kostnaði við endurupptöku skiptanna.

Akureyri, 12. júní 2020.

Ingvar Þóroddsson lögmaður.

(2020013442

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

CAOZ Eignir ehf.,
kt. 681209-0420,
Guðrúnartúni 8, Reykjavík

kr. 3.972.987

Reykjavík, 10. júní 2020.

María Klara Jónsdóttir
lögmaður.

(2020013483

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 19. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 15. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Bíldur ehf.,
kt. 540109-0870,
Skólavegi 1,
Vestmannaeyjum

kr. 20.647.431

Vestmannaeyjum, 15. júní
2020.

Aníta Óðinsdóttir
lögmaður.

(2020013501

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. apríl 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. júlí 2019 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Eignarhaldsfélagið Strengur kr. 31.109.421
ehf.,
kt. 460405-1650,
Bjarkarási 15, Garðabæ

Reykjavík, 16. júní 2020.

Sigurður Guðjónsson hdl.

(2020013509

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. október 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Bjarki Guðvarðsson,
kt. 180386-2389,
Sólheimum 23, Reykjavík

kr. 23.804.812

Reykjavík, 5. maí 2020.

Birgir Birgisson hdl.

(2020013510

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Djúsí ehf,
kt. 490506-1790,
Öldugranda 5, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Samtals kr. 25.742.642.

Reykjavík, 16. júní 2020.

Hjördís E. Harðardóttir
lögmaður.

(2020013511

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

M2K ehf.,
kt. 600416-0730,
Álfkonuhvarf 43, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 2.102.659

Kópavogi, 16. júní 2020.

Ágúst Karl Karlsson
lögmaður.

(2020013512

Útgáfud.: 22. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Sævala ehf.,
kt. 470814-1280,
Greniteigi 6, Reykjanesbæ

Lýstar kröfur:

kr. 10.210.073

Kópavogi, 16. júní 2020.

Ágúst Karl Karlsson
lögmaður.

(2020013513

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 1. apríl 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Hugi Hraunfjörð Ómarsson,
kt. 170790-2439,
Túnprýði, Stokkseyri

Lýstar kröfur:

kr. 2.988.196

Selfossi, 16. júní 2020.

Kristrún Elsa Harðardóttir
lögmaður.

(2020013580

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 1. apríl 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Fjallaskálar ehf.,
kt. 530803-2010,
Hjarðarbrekku
Rangárþingi ytra

Lýstar kröfur:

kr. 658.890

1,

Selfossi, 16. júní 2020.

Kristrún Elsa Harðardóttir
lögmaður.

(2020013581

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 1. apríl 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Sigurður Borgarsson,
kt. 130667-4409,
Básahrauni 13, Þorlákshöfn

Lýstar kröfur: kr. 53.338.625

Selfossi, 16. júní 2020.

Kristrún Elsa Harðardóttir
lögmaður.

(2020013582

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 1. apríl 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Betri bílaviðgerðir ehf. (áður kr. 9.238.267
BTC ehf.),
kt. 440703-2750,
Bjallavaði 1, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Selfossi, 16. júní 2020.

Kristrún Elsa Harðardóttir
lögmaður.

(2020013612

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Nýmálun og viðhald ehf.,
kt. 421008-1160,
Þrastarási 31, Hafnarfirði

Lýstar kröfur: kr. 9.503.119

Hafnarfirði, 8. júní 2020.

Jón Auðunn Jónsson
lögmaður.

(2020013620

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 10. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. júní 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Hrafnaklettur ehf.,
kt. 690509-0750,
Höfðastíg 20,
Bolungarvíkurkaupstað

Lýstar kröfur: Einni almennri kröfu var lýst
að fjárhæð kr. 2.306.800.

Ísafirði, 19. júní 2020.

Kristján Óskar Ásvaldsson
lögmaður.

(2020013621

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 7. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Monster hjól ehf.,
kt. 620616-0440,
Höfðabakka 3, Reykjavík

Lýstar kröfur: kr. 4.561.342

Reykjavík, 11. júní 2020.

Gizur Bergsteinsson
lögmaður.

(2020013622

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 7. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

N.G. matvæli ehf., kr. 24.112.931
kt. 540205-0510,
Norðurgötu 11, Sandgerði

Reykjavík, 11. júní 2020.

**Sveinbjörg Birna
Sveinbjörnsdóttir
lögmaður.**

(2020013623

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 7. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Klausturhólar ehf., kr. 52.598.053
kt. 411073-0179,
Hegranesi 5, Garðabæ

Reykjavík, 11. júní 2020.

**Sveinbjörg Birna
Sveinbjörnsdóttir.**

(2020013624

Útgáfud.: 23. júní 2020

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. febrúar 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 7. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Víkurhvarf Holding ehf., kr. 3.413.146
kt. 600314-0170,
Laugavegi 7, Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2020.

**Gizur Bergsteinsson
lögmaður.**

(2020013625

Útgáfud.: 18. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Deiliskipulagsmál:

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum auk breytingar á deiliskipulagi á grundvelli 1. mgr. 43. gr sömu laga:

Kringla 4 L227914 - Frístundabyggð - Deiliskipulag:

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3. júní 2020 að auglýsa deiliskipulag frístundasvæðis í landi Kringlu 4. Deiliskipulagið tekur til um 22,6 ha svæðis og er innan hennar gert ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m² að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árvæg. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b).

Selholt L205326 - Deiliskipulag:

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 3. júní 2020 að auglýsa deiliskipulag fyrir Selholt. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarreitum fyrir íbúðarhús, reiðhöll og hesthús og vélageymslu.

Flatir Réttarholt - Stækkun frístundasvæðis - Deiliskipulagsbreyting:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. júní 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundasvæði F27 á Flötum í landi Réttarholts. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðis og fjölgun lóða á svæðinu. Leiksvæði og boltavöllur eru felld út og í stað þess er bætt við opnu svæði og gönguleið á milli lóða 31 og 32. Lóð nr. 17 er tekin út fyrir deiliskipulagsmörk þar sem hún fellur ekki lengur undir frístundabyggð samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni, á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélagsins, <https://www.gogg.is>, <https://www.skeidgnup.is/>.

Skipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafrest frá 18. júní til og með 30. júlí 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 30. júlí 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi UTU.

(2020013125)

Útgáfud.: 18. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Akureyri

Miðbær - Gilsbakkavegur 15 - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðarinnar Gilsbakkavegar 15 og svæðis suður af henni.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir heimilt verði að byggja við suðurhlíð húss allt að 100 m². Hluti Gilsbakkavegar og bílastæði hliðrast til suðurs og stoðveggur kemur við suðurhlíð bílastæða niður að lóðarmörkum Kaupvangsstrætis 14-16. Byggingarreitur stækkar 5 metra til suðurs og stækkar lóðin samhliða þeirri stækkun.

Tillagan er birt á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is - neðst á forsíðu undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemd við tillöguna rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 22. júlí 2020 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagssviðs Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

18. júní 2020.

Sviðsstjóri skipulagssviðs.

(2020013327)

Útgáfud.: 23. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Fljótsháðs

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir miðbæ Egilsstaða.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Fljótsháðs.

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsháðs þann 18. júní 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Egilsstaða.

Deiliskipulagið var til kynningar fyrir ári síðan og komu fram ábendingar við deiliskipulagstillögu. Eftir að kynningu lauk hefur verið unnið með hagsmunaaðilum að úrlausnum við ábendingum.

Við endurskoðun á miðbæjarskipulaginu er unnið áfram með grunnhugmynd sem byggir á gildandi deiliskipulagi frá 2006. Leitast er við að færa skipulagið í átt að vistvæns skipulags og skapa vandaða miðbæjarbyggð. Meiri áhersla er lögð á umferðaröryggi, lækun hámarkshraða bíla og

aukun áhersla á fjölbreytta ferðamáta fyrir gangandi og hjólandi vegfarenda. Bygðin hefur verið þétt til muna, hlutfall íbúða aukið. Með því að þetta byggðina er verið að stuðla að betri landnýtingu, skapa fjölbreytt og líflegt bæjarumhverfi. Við það aukast rekstrarhagsmunir verslunar og þjónustu innan svæðisins og skapast aðstæður fyrir mannlíf í miðbænum samhliða.

Tillagan er sett fram á deiliskipulags- og skýringarupprætti ásamt skipulags- og byggingarskilmálum.

Tillagan, með skilmálum, er aðgengileg á vef Fljótsháðs. Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum rennur út þann 4. ágúst nk. Athugasemdir skal senda í tölvupósti til gunnlaugur@egilsstadir.is og dandy@egilsstadir.is.

Breyting á deiliskipulagi við Tunguás, Fljótsháðs.

Bæjarstjórn Fljótsháðs samþykkti á fundi sínum þann 3. júní sl., tillögu breytingu á deiliskipulagi við Tunguás, Fljótsháðs.

Deiliskipulag var áður kynnt í nóvember 2019 og komu fram ábendingar við deiliskipulagstillögu. Eftir að kynningu lauk hefur verið unnið að úrbótum á deiliskipulagi út frá athugasemdum.

Meginmarkmið með deiliskipulaginu er að setja ramma utan um frekari uppbyggingu á svæðinu og er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Um er að ræða deiliskipulag fyrir svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi Fljótsháðs 2008-2028.

Deiliskipulagið er unnið á grunni landskipta sem unnin var af Steinsholti ehf. árið 2013. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið frá 2005 og verður það felld út gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem deiliskipulagið felur ekki í sér framkvæmdir sem taldar eru upp í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Tillagan er sett fram á deiliskipulags- og skýringarupprætti ásamt skipulags- og byggingarskilmálum.

Tillagan, með skilmálum, er aðgengileg á vef Fljótsháðs.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum rennur út þann 4. ágúst nk. Athugasemdir skal senda í tölvupósti til gunnlaugur@egilsstadir.is og dandy@egilsstadir.is.

Breyting á deiliskipulagi við Eyvindará II Fljótsháðs.

Bæjarstjórn Fljótsháðs auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Eyvindará II skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 20. maí 2020.

Deiliskipulag hefur verið í vinnslu um langan tíma og tafist vegna ýmissa ástæðna og er fyrri málsmeðferð fallin úr gildi.

Skipulagssvæðið afmarkast eins og fram kemur á uppdrætti.

Breytingin felur m.a. í sér að uppfærð er staðsetning gistihúss, lítilla gistihúsa og rotþróar. Uppfærð er vísun í aðalskipulagsuppdrátt. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og bílastæðum breytt. Byggingarreitum er bætt við fyrir eitt lítið gistihús, gistiálmu til austurs, tengingu við eldri þjónustuhús og framtíðarstækkun gistiálmu til vesturs. Bílastæðum við aðalbyggingu breytt, fyrirkomulagi þeirra og stæðum fjölgað og bætt við rútubílastæðum.

Tillagan er sett fram á deiliskipulags- og skýringaruppdrætti ásamt skipulags- og byggingarskilmálum.

Tillagan, með skilmálum, er aðgengileg á vef Fljótsdalshéraðs.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum rennur út þann 4. ágúst nk. Athugasemdir skal senda í tölvupósti til gunnlaugur@egilsstadir.is og dandy@egilsstadir.is.

F. h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs,
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2020013576)

Útgáfud.: 23. júní 2020

Eignardómsstefna

Héraðsdómur Norðurlands vestra,
Halldór Halldórsson dómstjóri,
Skagfirðingabraut 21, Sauðárkrúki,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl. að hann þurfi, f.h. Davíðs Þórs Ólafssonar, kt. 150463-7699, Hátúni 8, Reykjavík, að fengnu leyfi lögum samkvæmt, að höfða eignardómsmál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera eftirfarandi dómkröfur: Að viðurkenndur verði eignarréttur stefnanda á veðtryggingabréfi, dags. 8. apríl 2011, að höfuðstól kr. 7.000.000 gefið út til handhafa og tryggt með 1. veðrétti í Róbert SK 26, skipaskrárnúmer 5927.

Verði tekið til varna krefst stefnandi málskostnaðar, úr hendi þess aðila, sér að skaðlausu, samkvæmt mati dómsins eða framlögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl., guðmundur@fortis.is, Lögmannsstofunni Fortis ehf., Laugavegi 7, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik: Stefnandi kveður málsatvik vera þau að hann hafi keypt bátinn Róbert SK 26, skipaskrárnúmer 5927 árið 2011. Stefnandi hafi breytt nafni hans í Dísönnu HF-063 og hafist handa við að endurnýja hann, m.a. keypt nýja vél í bátinn og endurnýjað rafmagn og veiðarfæri. Hafi kostnaður við kaup bátsins og endurbætur verið töluverður eða um 12-

13 milljónir og hafi stefnandi lagt eigið fé í kaupin og endurbætur, en ekki tekið lán. Stefnandi hafi síðar afsalað bátinum inn í hlutafélagið Dísönnu ehf., sem hafi verið að 95% í eigu stefnanda en 5% í eigu annars aðila.

Vegna fjárframlags stefnanda í bátinn, sem í raun fól í sér lán til Dísönnu ehf., hafi stefnandi látið skipamiðlunina Hýbili og skip útbúa veðtryggingabréf (veðskuldabréf), tryggt með veði í bátnum, útgefið á handhafa og hafi bréfið verið undirritað þann 8. apríl 2011. Í kjölfarið hafi bréfinu verið þinglýst á 1. veðrétt bátsins, þann 18. apríl 2011. Stefnandi hafi verið eigandi bréfsins og haft það í vörslum sínum.

Stefnandi segir bátinn hafa verið tekinn út af skoðunaraðilum í maí 2012 og apríl 2013 og í framhaldinu hafi stefnandi einnig keypt lögboðnar tryggingar hjá Verði tryggingafélagi.

Þann 9. júlí 2013, hafi stefnandi síðan farið til róðrar á Dísönnu HF-063 og verið við veiðar norð-vestur af Garðsaga þegar kviknað hafi í bátnum með þeim afleiðingum að hann hafi orðið alelda og sokkið. Stefnandi hafi komist í björgunarbát og verið bjargað um borð í annað skip.

Stefnandi kveður Dísönnu ehf. í kjölfarið hafa krafið Vörð tryggingar um uppgjör úr tryggingum Dísönnu HF-063 en Vörður hafnað bótaskyldu. Úr ágreiningi aðila hafi verið leyst með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3144/2016, þar sem fallist hafi verið á bótaskyldu Varðar vegna altjóns bátsins. Stefnandi hafi í kjölfarið, f.h. Dísönnu ehf. krafið Vörð um greiðslu bóta miðað við verðmat bátsins en Vörður þá krafist þess að stefnandi, sem veðhafi í bátnum, framvísaði frumriti veðtryggingabréfs (veðskuldabréfs) á 1. veðrétti. Það hafi stefnanda hins vegar verið ómögulegt þar sem að frumrit bréfsins hafi glatast í húsbruna á fasteign hans að Árskórsandi árið 2017.

Vegna altjóns bátsins Dísönnu, hafi Dísanna ehf. ekki getað staðið í skilum með greiðslur opinberra gjalda og hafi félagið því verið úrskurðað gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 14. febrúar 2019. Stefnandi hafi í kjölfar gjaldþrotaskiptanna lýst veðkröfu í búið á grundvelli hins þinglýsta veðtryggingabréfs (veðskuldabréfs), með kröfulýsingu, dags. 16. apríl 2019. Með bréfi, dags. 20. febrúar 2020, hafi skiptastjóri hins vegar hafnað kröfu stefnanda að svo stöddu, á þeim forsendum að frumrit handhafaveðtryggingabréfsins lægi ekki fyrir. Á skiptafundi þann 28. febrúar 2020 hafi það verið niðurstaða sáttaumleitanna að stefnandi myndi höfða eignardómsmál til staðfestingar eignarétti sínu á hinu þinglýsta handhafabréfi.

Stefnandi kveður sér því nauðsynlegt að höfða eignardómsmál til staðfestingar eignarhaldi sínu á veðtryggingabréfi, dags. 8. apríl 2011.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann sé réttur eigandi að veðtryggingabréfi, dags. 8. apríl 2011, að höfuðstól kr. 7.000.000, gefið út til handhafa og tryggt með 1. veðrétti í Róbert SK 26, síðar Dísanna HF-063, skipaskrárnúmer 5927. Fyrir liggir að stefnandi hafi gefið út veðtryggingabréfið til handhafa sem prókúruhafi og

stjórnarformaður Dísönnu ehf. Stefnandi hafi einnig undirritað það sem útgefandi og samþykkt veðsetningu sem þinglýstur eigandi. Bréfið hafi alla tíð síðan verið í eigu stefnanda og aldrei verið framselt. Þá liggi fyrir að bréfið hafi einnig staðið til tryggingar kröfum stefnanda á hendur Dísönnu ehf., vegna þeirra fjármuna sem stefnandi hafi sannanlega lagt í kaup og endurbætur á bátum og sé krafa hans á félagið óumdeild.

Auglýsing um skipulag - Kópavogur*Glaðheimar vesturhluti. Breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Glaðheima vesturhluta. Skipulagssvæðið sem er um 8.6 ha að stærð afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Bæjarlind til norðurs, Álalind 1, 2, 3 og 5 til austurs auk athafnasvæðis við Akra- og Askalind og Arnarnesvegi til suðurs. Skipulagssvæðið er óbyggt og í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir um 88.000 m² í atvinnuhúsnaði (verslun- þjónustu og athafnahúsnaði án kjallara og bílageymslna). Í breytingunni felst að landnotkun á eystri hluta skipulagssvæðisins verði breytt og í stað athafnahúsnaðis á 5 til 8 hæðum koma 270 íbúðir í fjölbýlishúsabyggð á 5 til 12 hæðum. Byggingarmagn án kjallara og bílageymslna er áætlað um

80.000 m². Get er ráð fyrir að lega tengibrautar í framhaldi að núverandi Glaðheimavegi að Arnarnesvegi breytist sem og staðsetning hringtorga. Þrjár nýjar húsagötur verða lagðar og leikskóla komið fyrir á stórrí lóð sem mun nýttast bæði núverandi byggð í Glaðheimum og fyrirhugaðri byggð í vesturhluta Glaðheima. Byggingarreitir, lóðir og lóðastærðir verslunar- þjónustu- og athafnahúsa breytast sem og aðkoma og fjöldi bílastæða. Í breytingartillögum er gert ráð fyrir að turn verslunar og þjónustu í norðvestur hluta svæðisins lækki úr 32 hæðum í 25. Heildaryfirbragð hverfisins verður í samræmi við markmið í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og svæðið verður í góðum tengslum við nærliggjandi íbúðar og þjónustusvæði. Miðað við 2,7 íbúa á íbúð er áætlað að á svæðinu komi til með að búa 730 íbúar. Nýtingarhlutfall reitsins sem er hlutfallið milli gólfplatá fyrirhugaðrar byggðar og stærð skipulagssvæðisins án kjallara (eins og útreikningar voru gerðir í gildandi aðal- og deiliskipulagi) er óbreytt eða um 1.0. Heildarbyggingamagn á skipulagssvæðinu er um 132.000 m² þar af um 40.000 m² í niðurgröfnum bílageymslum. Eitt bílastæði er áætlað á hverja 100 m² í geymslurými, eitt stæði á hverja 50-60 m² í skrifstofurými og eitt stæði á hverja 35 m² í verslunarrými. Hámarksfjöldi bílastæða á lóð verður eftir breytingu 1.760 stæði, þarf af 1.070 neðanjarðar. Með tilliti til bílastæðakröfu getur fjöldi stæða breyst ef hlutföll milli verslunar-, þjónustu og athafnasvæðis í húsnæði breytast. Aðkoma að svæðinu breytist með breyttri legu Glaðheimavegar- og nýjum húsagötum. Lóðarmörk breytast en breyting á heildarstærð lóða er óveruleg. Tillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag 2012 til 2024 m.s.br. en umrætt svæði er skilgreint sem miðsvæði og þróunarsvæði. Tillagan er einnig í samræmi við stefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um uppbyggingu svæðiskjarnans við Smára og Mjódd. Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 10. nóvember 2009 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 27. nóvember 2009. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 (A0) dags. 20. apríl 2020 ásamt greinargerð, skýringarmyndum, skipulagsskilmálum, skýringarhefti B, minnisblaði frá verkfræðistofunni Mannviti dags. 20. apríl 2020 og hljóðvistarútreikningur dags. í apríl 2020. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga að breyttu deiliskipulagi Glaðheima vesturhluta er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15.00. Fimmtudaginn 6. ágúst 2020 milli kl. 17 og 18 verða starfsmenn skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs með *opið hús* að Digranesvegi 1 þar sem tillagan verður sérstaklega kynnt þeim sem þess óska. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15.00 miðvikudaginn 19. ágúst 2020.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

(2020013593

Útgáfud.: 24. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Kópavogur

Auðbrekka - Þróunarsvæði. Breytt deiliskipulag. Nýbýlavegur 2-12, svæði 1.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Auðbrekku - Þróunarsvæði; Nýbýlaveg 2-12 (svæði 1).

Skipulagssvæðið sem er um 2 ha að stærð afmarkast af Skeljabrekku við Hafnarfjarðarveg til vesturs, íbúðarbyggð Lundar til norðurs og Nýbýlavegi 14 til austurs og Dalbrekku til suðurs. Umrædd deiliskipulagsbreyting nær til lóðanna að Nýbýlavegi 2-12. Í breytingunni felst að fallið verði frá sameiginlegri lóð húsanna að Nýbýlavegi 2 til 12 undir niðurgrafna bílageymslu og að lóðarmörk breytist og lóðir stækka í samræmi við það. Að Nýbýlavegi 4, 6 og 8 er fallið frá að heimila samtals 46 íbúðir og í stað þess gert ráð fyrir 4.600 m² í nýju atvinnuhúsnæði. Að Nýbýlavegi 6 er gert ráð fyrir einni íbúð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á heildarbyggingarmagni, fjölda bílastæða og hæð húsa á umræddum lóðum miðað við gildandi deiliskipulag. Að Nýbýlavegi 10 verður fallið frá áætlun um atvinnuhúsnæði í suðurhluta byggingarreits og veitt heimild fyrir 33 íbúðum auk bílageymslu og stoðryma í kjallara. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni eftir breytingu verður 80 íbúðir. Heildarflatarmál eykst í 10.615 m² og hluti byggingarreita hækkar um eina hæð. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 2.9 í 3.1 og fjöldi bílastæða eykst úr 92 í 114 stæði eða 1.3 bílastæði á íbúð. Að Nýbýlavegi 2 og 12 eru ekki ráðgerðar aðrar breytingar en lóðarstækkun. Heildarstækkun lóða á Nýbýlavegi 2-12 verður 4.417 m². Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 26. apríl 2016 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 23. maí 2016 m.s.br. samþykkt í bæjarstjórn 22. maí 2018 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 6. júní 2018. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 (A1) dags. 18. maí 2020 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og skipulagsskilmálum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8.30 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.30 til 15.00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is, eigi síðar en kl. 15.00 miðvikudaginn 19. ágúst 2020.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

(2020013594

Útgáfud.: 24. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Akureyri

Hvannavallareitur - Glerárgata 36 – Tillaga að deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagi sem nær til lóðar nr. 36 við Glerárgötu ásamt aðliggjandi götum.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að heimilt verði að rífa núverandi byggingar á norðurhluta lóðarinnar, meðfram Glerárgötu verði tvö hús fjögurra og fimm hæða, samtengd með einnar hæða tengibyggingum. Tveggja hæða verslunarhús verður meðfram Tryggvabraut og austast á lóðinni er gert ráð fyrir verslunarhúsi á einni hæð. Lóðarmörkum er breytt svo rými verði fyrir endurbætta Tryggvabraut og gert er ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Tryggvabrautar og Hvannavalla. Skerðing verður á lóðum 1,3 og 10 við Tryggvabraut til þess að rýma fyrir hringtorgi. Tillagan er birt á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: *Auglýstar tillögur*.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 5. ágúst 2020 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagssviðs Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

24. júní 2020.

Sviðsstjóri skipulagssviðs.

(2020013595)

Útgáfud.: 25. júní 2020

Auglýsing um skipulag- Borgarbyggð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur á 197. fundi sínum þann 8. apríl 2020, samþykkt að auglýsa eftirfarandi, skv. 31 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Ytri-skeljabrekka - Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Fyrirhugað er að stækka frístundabyggð (F45) í landi Ytri-Skeljabrekku úr 25 ha í 44 ha og skilgreina tvö íbúðarsvæði (Í7 og Í8). Núverandi byggð er hvorki í samræmi við gildandi aðalskipulag né deiliskipulag. Í gildandi aðalskipulagsáætlun er skilgreind landnotkun á skipulagssvæðinu, frístundabyggð (F45) og landbúnaður.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur á 198. fundi sínum þann 14. maí 2020, samþykkt að auglýsa eftirfarandi, skv. 41 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Ytri-skeljabrekka - Tillaga að deiliskipulagi.

Svæðið er 44 ha að stærð í hlíðum Brekkufjalls. Skilgreindar eru 40 lóðir, 37 frístundalóðir og 3 íbúðarlóðir. Til norðurs afmarkast svæðið af veghelgunarsvæði Borgarfjarðarbrautar (50), sem er 15 m frá miðlinu vegar, til austurs við Skiplæk, til suðurs af Brekkufjalli og til vesturs af landamerkjum við Árdal.

Skriflegum athugasemdum skal komið á framfæri við umhverfis- og skipulagssvið Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi eða á netfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is eigi síðar en mánudaginn 3. ágúst n.k. Tillögur liggja frammi í Ráðhúsi Borgarbyggðar frá 19. júní til 15. ágúst 2020 og á vef Borgarbyggðar

www.borgarbyggd.is. Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar getur kynnt tillögur þeim sem þess óska sérstaklega. Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is eða hringja í síma 433 7100.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur á 199. fundi sínum þann 11.06.2020, samþykkt að auglýsa eftirfarandi, skv. 30 og 40 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsafell - Verkefnalýsing að breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022.

Markmiðið er að setja stefnu um svæðið fyrir verslun og þjónustu sem heimili kapellu, gistiheimili, steinhörpusafn, listagallerí, vinnustofu og annað sem getur komið þarna þessu tengdu. Afmörkun nýrrar frístundarbyggðar út frá hugmyndum landeiganda.

Vörðuholt í Borgarnesi - tillaga að deiliskipulagi, verkefnalýsing.

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina núverandi byggingarreiti fyrir íbúabyggð og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs íbúasvæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Skilgreindar verða öruggar umferðarleiðir fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Göngustígar og slóðar sem liggja um svæðið verða skilgreindir frekar í skipulaginu.

Skriflegum ábendingum skal komið á framfæri við umhverfis- og skipulagssvið Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi eða á netfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is eigi síðar en mánudaginn 27. júlí 2020. Skipulagslýsingar liggja frammi í Ráðhúsi Borgarbyggðar frá 19. júní til 27. júlí 2020 og á www.borgarbyggd.is.

Borgarbyggð.

(2020013962)

Útgáfud.: 25. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur á 199. fundi sínum þann 11.06.2020, samþykkt að auglýsa eftirfarandi, skv. 30 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Endurskoðun á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 - Skipulagslýsing.

Verkefnið er unnið á grundvelli skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana. Í skjalinu er lýst hvernig staðið verður að gerð aðalskipulagsins með það að markmiði að gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu.

Skriflegum ábendingum skal komið á framfæri við umhverfis- og skipulagssvið Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi eða á netfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is eigi síðar en mánudaginn 20. júlí 2020. Skipulagslýsingar liggja frammi í Ráðhúsi Borgarbyggðar frá 19. júní til 20. júlí 2020 og á

www.borgarbyggd.is.

Borgarbyggð.

(2020013963

Útgáfud.: 25. júní 2020

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður

Hraun-vestur, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 29. apríl sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

1802033 - Hraun vestur, aðalskipulagsbreyting:

Lögd fram aðalskipulagsbreyting og greinargerð vegna landnotkunarbreytingu reits IB2 í M4. Lýsing skipulagsbreytingarinnar var samþykkt á fundi ráðsins þann 31. janúar s.l.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir greinargerð og uppdrátt aðalskipulagsbreytingar Hraun-Vestur gjótur reitur IB2/M4 og vísar erindinu til staðfestingar bæjarstjórnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra bóka: Aðalskipulagsbreytingin opnar á fjölbreytta byggð íbúðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Nýting landsvæðisins sem liggur að fyrirhuguðum samgönguás Borgarlínu verður betri með auknu byggingarmagni og þéttingu byggðar. Tillagan fellur vel að markmiðum svæðisskipulags og fyrirhuguðum bættum almenningssamgöngum. Í greinargerð aðalskipulagsins dags. 20.04.2020 er gerð góð grein fyrir leik- og grunnskólum ásamt opnum grænum svæðum.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 29. apríl.

Hraun-vestur, Gjótur deiliskipulag.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 10. júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

1903199 - Hraun vestur, Gjótur deiliskipulag:

Tekin fyrir tillaga að uppbyggingu á reit sem liggur að Reykjavíkurvegi, Hjallahrauni og Helluhrauni. Tillaga Tendru arkitekta dags. 28. maí 2020 að deiliskipulagi reits sem nær til lóða við Reykjavíkurveg 60-62 og Hjallahrauns 2-4 lögd fram auk greinargerðar deiliskipulagsins dags. 28. maí 2020 og umsögnun frá Veðurvaktinni og Verkfræðistofu VSÓ.

Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarráðs 2. júní s.l. og að málsmeðferð yrði í samræmi við l.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 10. júní.

Hverfisgata 49, lóðarstækkun, breytt deiliskipulag.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þ. 10. júní sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

1706152 - Hverfisgata 49, lóðarstækkun, breytt deiliskipulag:

Á fundi bæjarráðs þann 12. mars 2020 samþykkti bæjarráð

fyrir sitt leyti lóðarstækkun Hverfisgötu 49 og benti á að vinna þyrfti tillögu að breyttu deiliskipulagi er gerði grein fyrir umræddri lóðarstækkun. Lögd fram tillaga að breyttu deiliskipulagi dags. maí 2020.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 2. júní s.l. að tillaga að breyttu deiliskipulagi fari til auglýsingar og að málsmeðferð verði í samræmi við l.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Erindinu er jafnframt vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn staðfesti erindið þann 10. júní.

Tillögur vegna ofangreindra breytinga á aðalskipulagi, nýrra deiliskipulagstillagna, ásamt fylgigögnum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurbellu 2, frá 25. júní - 6. ágúst 2020.

Auk þess er hægt að skoða tillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is undir *íbúar/skipulag* í kynningu.

Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar. Skal þeim skilað skriflega með sendibréfi eða á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 6. ágúst 2020. Sendibréf skulu stíluð á: Hafnarfjarðarkaupstaður, bt. umhverfis- og skipulagssviðs, Norðurbellu 2, 221 Hafnarfirði.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2020013971

Útgáfud.: 30. júní 2020

Auglýsing um framkvæmdaleyfi - Eyjafjarðarsveit

Hólasandslína 3 - útgáfa framkvæmdaleyfis vegna matsskyldrar framkvæmdar.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2020 að gefa út framkvæmdaleyfi vegna byggingar Hólasandslínu 3. Um er að ræða 220 kV háspennulínu sem lögd verður í jörðu frá sveitarfélagsmörkum Akureyrarbæjar við óshólma Eyjafjarðarar að fyrirhuguðu strengendavirki í landi Kaupangs neðan Bíldsárskarðs, en sem loftlína frá strengendavirki að sveitarfélagsmörkum Þingeyjarsveitar á Bíldsárskarði. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er matsskýrsla framkvæmdaraðila samþykkt af Skipulagsstofnun 19. september 2019. Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaleyfið tekur gildi 22. júní 2020 og gildir út 21. júní 2025. Frekari skilmálar framkvæmdarinnar koma fram í leyfisbréfi. Nánari upplýsingar um ákvörðun sveitarstjórnar má finna í fundargerð 552. fundar sveitarstjórnar sem aðgengileg er á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is. Ákvörðun sveitarstjórnar má kæra til úrskurðarnefndar

umhverfis- og auðlindamála og er færufrestur til 30. júlí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2020014100)

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Deiliskipulagsbreyting Hlíðarhverfi.

Farið er fram á þá breytingu á deiliskipulagi hluta Hlíðarhverfis að ekki sé gerð krafa um innbyggðan bílskúr samkvæmt uppdrátti KRark ehf dags. 28. maí 2020.

Tillagan er til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 og aðgengilegar á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is. frá og með 1. júlí 2020 til 16. ágúst 2020. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 16. ágúst 2020. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ eða á netfangið gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is.

Reykjanesbæ, 1. júlí 2020.

Skipulagsfulltrúi.

(2020014114)

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Rangárþing eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Sóltún - Deiliskipulag.

Deiliskipulagstillagan felur í sér afmörkun á tveimur íbúðalóðum, Sóltún 1 og Sóltún 2. Á hvorri lóð er heimilt að byggja allt að þrjú hús, þeas íbúðarhús, bílgeymslu og gestahús. Heildarbyggingarmagn á hvorri lóð er 200 m².

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 1. júlí 2020. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 12. ágúst 2020. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra.

Guðmundur Úlfar Gíslason

skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2020014115)

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Akureyri

Jaðarsvöllur - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem nær til hluta Jaðarsvallar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að á 18,5 ha svæði á suðvestanverðu golfvallarsvæðinu verði haugsett allt að 500.000 m³ af jarðvegi á næstu 20-30 árum sem nýtist sem undirbygging fyrir nýjan 9 holu golfvöll. Tillagan er birt á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemd við tillöguna rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 12. ágúst 2020 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagssviðs Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

1. júlí 2020

Sviðsstjóri skipulagssviðs.

(2020014116)

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Hafnargata 12 - Breyting á deiliskipulagi.

Lóðarhafi óskar heimildar til að breyta deiliskipulagi í samræmi við skipulagsuppdrátt JeEs arkitekta dags 29. maí 2020, íbúðum er fækkað úr 58 í 40, heimilt verður að hluti bílastæða verði ofanjarðar en innan lóðar.

Hreinsistöð við Ægisgötu nýtt deiliskipulag.

Reykjanesbær leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir skólphreinsistöð við Ægisgötu samkvæmt uppdráttum Arkís dags 2. júní 2020. Heimilt verður að byggja á lóðinni skólphreinsistöð, sem verði tvær hæðir að hluta og allt að 900m² að stærð með útsýnispalli.

Tillögurnar eru til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 frá og með 1. júlí 2020 til 16. ágúst 2020. Tillagaðan er einnig aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 16. ágúst 2020.

Deiliskipulagstillaga fyrir Hlíðahverfi framlengdur athugasemdafrestur.

Markmið deiliskipulags er að: Skipuleggja svæði fyrir 408 íbúðir í fjölbreyttri byggð fjölbýlishúsa og raðhúsa. Tillagan er til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 frá og með 1. júlí til 16. júlí 2020. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við

tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 16. júlí 2020.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ eða á netfangið gunnar.k.ottosson@reykjanesbaer.is.

Reykjanesbæ, 1. júlí 2020.

Skipulagsfulltrúi.

(2020014117

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Árborg

Auglýsing um deiliskipulag á lóðinni Hellisland svæði 36 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hellisland svæði 36 á Selfossi.

Um er að ræða lóðina Hellisland svæði 36 sem skilgreind er sem íbúðalóð í aðalskipulagi. Lóðin liggur við Hellisland á Selfossi. Lóðinni verður skipt upp í þrjár lóðir. Á lóðinni Hellislandi 36 verði heimilað að byggja þriggja hæða hús allt að 200 fm að grunnfleti. Efsta hæðin verður innregin allt að 120 fm og leyfilegt að byggja þar glerhýsi og þaksvalir. Vegghæð er allt að 8,6 m. Og þakhalli verði allt að 0-45 gráðum. Á lóðunum Hellislandi 36A og 36B á suðvesturenda heildarlóðina verði heimilað að byggja 2 hæða hús allt að 150 fm að grunnfleti og með 0-45 gráðu þakhalla vegghæð allt að 6 m frá gólfplötu. Tvö bílastæði verða við hvort hús og fjögur bílastæði við Hellisland 36. Kvöð er um akstur í gegnum lóðina Hellisland 36A að lóðinni Hellisland 36B. Akvegur að lóðunum liggur í gegnum báðar lóðinar.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skilmálum vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með miðvikudeginum 1. júlí 2020 til miðvikudagsins 5. ágúst 2020. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til að skila athugasemdum rennur út miðvikudaginn 12. ágúst 2020 og skal þeim skilað skriflega til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi eða á netfangið skipulag@arborg.is.

Á sama tíma er uppdráttur, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna.

Sigurður Andrés Þorvarðarson skipulagsfulltrúi.

(2020014118

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsingar um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Aðal- og deiliskipulagsbreyting „Miðbæjarkjarni í Þorlákshöfn“ - Móí.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi, skv. 1. málsg. 36. gr. og 1. málsg. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Í gildandi deiliskipulagi er m.a. gert ráð fyrir tveggja hæða verslunarkjarna norðan og austan við heilsugæslu og þremur þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsum næst Ölfusbraut. Svæðið norðan Selvogsbrautar er enn óbyggt að frátöldu heilsugæsluhúsi. Tillagan gerir ráð fyrir að hætt verði við verslunarkjarnann á reitnum og þess í stað er gert ráð fyrir uppbyggingu í formi eins til þriggja hæða íbúðarhúsnæðis nyrst á reitnum, þriggja hæða fjölbýlishúsum vestast á reitnum og eins til þriggja hæða verslunar-, þjónustu og menningarhúsum meðfram Selvogsbraut.

Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er gerð breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 þar sem m.a. eru gerðar breytingar á landnotkunarflokkum. Afmörkun núverandi *Miðsvæðis (M1)* norðan Selvogsbrautar er breytt með þeim hætti að svæðið minnkar nyrst og vestast en stækkar þess í stað til austurs á kostnað *Athafnasvæðis (A1)* og *Verslunar- og þjónustusvæðis (V1)*. Nýtt *Íbúðasvæði (Í12)* er skilgreint á milli *Í9* og *M1* og minnkar *Í9* lítillega við það. *Athafnasvæði (A1)* minnkar sömuleiðis lítillega á kostnað hins nýja *Íbúðasvæðis (Í12)*.

Deiliskipulag hafnarsvæðis Þorlákshafnar.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa deiliskipulag hafnarsvæðis Þorlákshafnar. skv. 1. málsg. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Á svæðinu er í gildi er eldra deiliskipulag sem var auglýst í B-deild stjórnartíðinda 28. nóvember 2008 sem mun falla úr gildi við gildistöku þess skipulags sem nú er auglýst. Deiliskipulag hafnarsvæðis Þorlákshafnar er nú auglýst að nýju en það var áður auglýst fyrir rúmu ári síðan. Á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar og er sú veigamesta sú að stór nýr suðurgarður sem fjallað er um í gildandi aðalskipulagi og er nú tekinn út úr deiliskipulagsinu og er fjallar það ekki lengur um hann. Því þarf ekki að gera grein fyrir umhverfisáhrifum sem bygging hans gæti valdið að þessu sinni.

Deiliskipulagið er í samræmi við breytingu á gildandi aðalskipulagi Ölfuss sem nýlega var breytt á svæðinu.

Deiliskipulagsbreyting „Mánastaðir 1 og 2 - Kambastaðir“ vegna Kambastaða í Ölfusi.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa breytingu á deiliskipulaginu „Mánastaðir 1 og 2 - Kambastaðir“. skv. 1. málsg. 41. gr. og 1. málsg. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Breytingin er vegna Kambastaða í Ölfusi. Á landinu má, skv. nýsamþykktu deiliskipulagi, byggja 5 metra hátt íbúðarhús og 8 metra háa skemmu. Sótt er um að hámarks hæð íbúðarhúss verði 9 metrar og eins er byggingarmagn

aukið lítillega. Skv. deiliskipulagi má byggja ca 600 m² í allt á landinu en þeir óska eftir að þar megi byggja 850 m² sem er vel innan við 0,05 nýtingarhlutfall skv. gildandi aðalskipulagi.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, frá og með 1. júlí til 14. ágúst 2020. Uppdrættir eru einnig aðgengilegur á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is, undir skipulag í kynningu. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við áformin. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ölfuss eða með tölvupósti á skipulag@olfus.is, fyrir 14. ágúst 2020.

Skipulagslýsing vegna breyting á aðal- og deiliskipulagi Norðurhrauns í Þorlákshöfn.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa skipulagslýsingu og tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi, skv. við gr 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Breyting aðalskipulags felst í því að íbúðum í reit Í-6 í Þorlákshöfn er fjölgað úr 51 í 75 og þéttleiki byggðar eykst úr 9,4 íb/HA í 13,8 íb/HA.

Skipulagslýsing fyrir fjórar lóðir í landi Dimmstaða í Ölfusi.

Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt á fundi nr. 280, þann 25. júní 2020 að auglýsa skipulagslýsingu í landi Dimmstaða í Ölfusi. skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br, eftir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss.

Stefnt er að því að deiliskipuleggja landið Dimmstaði í Ölfusi sem er 2,5 ha. að stærð. Dimmstaðir er stofnuð úr landi Litla-Saurbæjar 1 (L171771). Svæðið er sunnan Hveragerðis, um 1 km austan við Þorlákshafnarveg (nr. 38). Lóðin er á skilgreindu landbúnaðarlandi, landið er flatt og grasi gróið. Engin mannvirki eru á landinu.

Skipulagslýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, frá og með 1. júlí til 31. júlí 2020. Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is, undir skipulag í kynningu. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ölfuss eða með tölvupósti á skipulag@olfus.is, fyrir 31. júlí 2020.

Skipulagsfulltrúi Ölfuss,
Gunnlaugur Jónasson.

(2020014119)

Útgáfud.: 1. júlí 2020

Auglýsing um skipulag - Kjósarhreppur

Kjósarhreppur auglýsir skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandsá, Eyjar II.

Samþykkt var í sveitarstjórn Kjósarhrepps 2. júní 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu frístundabyggðar í Landi Eyja II, dags. 29. maí 2020 og telur að heimilt sé að falla frá gerð lýsingar skipulagsverkefnisins sbr. 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga, enda liggi allar megin forsendur deiliskipulagstillögunar fyrir í aðalskipulagi.

Deiliskipulagssvæðið við Sandsá í landi Eyja II í Kjósarhreppi, tekur til 14 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar 22 lóðir fyrir frístundahús. Uppbygging er hafin á tveimur lóðum; Eyjabakki 1 og 2. Jörðin Eyjar I liggur að skipulagssvæðinu að vestanverðu og að jörðinni Sandi að sunnan- og austanverðu.

Land skipulagssvæðisins er flatt og er nánast alfarið á ræktuðum túnnum og rennur Sandsá í gegnum í gegnum svæðið.

Aðkoma að lóðum verður um nýjan veg sem tengist Eyjavegi (4837). Þegar hafa verið samþykktar deiliskipulagsáætlanir við vestanvert svæðið og taka skilmálar deiliskipulagstillögunar mið af skilmálum aðliggjandi svæða.

Skipulaginu er ætlað að skapa ramma utanum heildstæða og vistvæna frístundabyggð, að byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og að landnýting sé eins hagkvæm og kostur er.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis í anddyri hreppsskrifstofu Kjósarhrepps í Ásgarði frá og með miðvikudeginum 1. júlí 2020 til 21. ágúst 2020. Tillögurnar verða jafnframt birtar á heimasíðu Kjósarhrepps, kjos.is. Athugasemdir eða ábendingar vegna deiliskipulagstillögunnar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 21. ágúst 2020. Póstlagðar athugasemdir berist á skrifstofu Kjósarhrepps að Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbæ eða með tölvupósti á netfangið skipulag@kjos.is.

Kjósarhreppi, 30. júní 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps.

(2020014120)

Útgáfud.: 26. júní 2020

Auglýsing frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands

Innheimtuleyfi fyrir Erra ehf.

Með vísan til 6. gr. reglna nr. 1210/2008 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008, tilkynnist hér með að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands veitti þann 15. Júní 2020, Erra ehf., kt. 600619-0980, Ármúla 4-6, 108 Reykjavík innheimtuleyfi skv. innheimtulögum nr. 95/2008.

Innheimtuleyfi Erra ehf., tekur til frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. nefndra laga og innheimtu eigin peningakrafna sem aðili hefur keypt í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni skv. 5. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst,
Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.

(2020014008

Útgáfud.: 30. júní 2020

Stefna - til ógildingar á tryggingarbréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Jón Höskuldsson,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Vilhjálmsson, lögmaður, LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík að hann þurfi fyrir hönd Style ehf., kt. 610397-2559, Vesturvör 27, 200 Kópavogi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf, dags. 30. nóvember 1999, að upphaflegri fjárhæð kr. 10.000.000, útgefið af stefnanda til handa Búnaðarbanka Íslands hf.

Málflutningsumboð: Árni Vilhjálmsson, lögmaður, LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir og helstu málsástæður: Stefnandi kveður málavexti vera þá að hinn 30. nóvember 1999 hafi stefnandi gefið út framangreint tryggingarbréf til handa Búnaðarbanka Íslands, að upphaflegri fjárhæð kr. 10.000.000. Til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum skuldara við kröfuhafa var með tryggingarbréfinu sett að veði fasteignin Miðhraun 12, 210 Garðabæ, fnr. F223-8862, með 3. veðrétti og uppfærslurétti.

Var tryggingarbréfinu þinglýst á hina veðsettu eign (þinglýsingarnúmer 436-B-005417/1999).

Stefnandi sem er útgefandi bréfsins telur það glatað og hefur það ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit og eftirgrennslan. Stefnanda hefur ekki tekist að fá veðréttindum yfir fasteigninni aflýst vegna þessa, enda gat stefnandi ekki framvísað frumriti bréfsins gagnvart þinglýsingarstjóra og var hafnað um aflýsingu.

Með vísan til framangreinds telur stefnandi nauðsynlegt að höfða mál til ógildingar á bréfinu þannig að unnt verði að aflýsa veðréttindum Búnaðarbanka Íslands hf. yfir framangreindri fasteign.

Helstu lagatiltæki og réttarreglur: Stefnandi kveður mál þetta vera höfðað með heimild í XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um birtingu stefnu vísast til 3. mgr. 121. gr. og um varnarþing til 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Um stefnufrest vísast til 3. mgr. 91. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirfarandi gögn til sönnunar á kröfum sínum:

Nr. Frumrit stefnu þessarar útgefinni af Héraðsdómi 1 Reykjavíkur.

Nr. Staðfesting á birtingu stefnu þessarar í 2 Lögbirtingablaði.

Nr. Afrit af hinu glataða tryggingarbréfi.
3

Nr. Veðbandayfirlit fasteignarinnar Miðhraun 12, 210 4 Garðabæ, fastanúmer F223-8862.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, 220 Hafnarfirði, sal 1, miðvikudaginn 16. september 2020, kl. 09.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu skuldarbréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 19. júní 2020.

F.h. Héraðsdóms Reykjaness,

Jón Höskuldsson dómstjóri.

(2020014099

Útgáfud.: 29. júní 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 26. júní 2020 í máli nr. L-1473/2020 var Sævar Jónsson kt. 280350-3979, sviptur fjárræði í tíu ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 26. júní 2020.

Þorsteinn Davíðsson.

(2020014098

Útgáfud.: 30. júní 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra 26. júní 2020 var Birna Halldórsdóttir, kt. 031147-3369, með lögheimili að Melkoti, Sveitarfélaginu Skagafirði, en dvalarstað á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki, svipt fjárræði í 10 ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Halldór Halldórsson héraðsdómari.

(2020014106

Útgáfud.: 24. júní 2020

Áform um endurskoðun á friðlýsingu Varmárósa í Mosfellsbæ

Umhverfisstofnun kynnir hér með áform um endurskoðun á friðlýsingu Varmárósa í Mosfellsbæ. Um er að ræða breytingu á mörkum svæðisins ásamt endurskoðun friðlýsingarskilmála.

Áform um breytingu á friðlýsingunni eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga en gert er ráð fyrir að svæði sem eru ekki á framkvæmdaáætlun skuli kynnt sérstaklega.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 18. ágúst 2020. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is. Athugasemdum við áformin má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun.

(2020013946

Útgáfud.: 29. júní 2020

Lok slitameðferðar Saga Capital hf. með úrskurði um gjaldþrotaskipti

Fjármálafyrirtækið Saga Capital hf., kt. 660906-1260, Hafnarstræti 91, Akureyri, var tekið til slitameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra, þann 16. maí 2012, og var sá úrskurður staðfestur með dómi Hæstaréttar, þann 14. júní 2012. Innköllun vegna slitameðferðar var birt í Lögbirtingablaðinu þann 1. júní 2012. Slitameðferð lauk með því að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 7. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra, þann 19. janúar 2018. Það sem gert var við slitameðferðina stendur óraskað varðandi kröfur á hendur fyrirtækinu, þar á meðal innköllun til kröfuhafa og meðferð lýstra krafna, sbr. 8. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Skiptastjórar voru skipaðir Arnar Sigfússon, lögmaður, og Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi. Héraðsdómur Norðurlands eystra leysti Arnar Sigfússon, lögmann, frá starfanum að hans eigin ósk þann 10. febrúar 2020 og skipaði í hans stað Ólaf Rúnar Ólafsson, lögmann, með starfsstöð hjá Lögmannsstofu Norðurlands ehf., Strandgötu 19b, 600 Akureyri. Erindum vegna búsins óskast beint til hans. Tilkynning þessi er gefin út samkvæmt 8. mgr. 103. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Akureyri, 20. júní 2020.

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.

(2020014092

Útgáfud.: 30. júní 2020

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir ágúst 2020:

Vísitala neysluverðs: 482,2 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 9.521 stig.

Reykjavík, 26. júní 2020.

Hagstofa Íslands.

(2020014101

Útgáfud.: 30. júní 2020

Auglýsing frá Hæstarétti Íslands vegna forsetakjörs

Hæstiréttur Íslands gerir kunnugt: Samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands verður mánudaginn 27. júlí 2020, kl. 10.30 árdegis, háð þing Hæstaréttar í dómhúsi réttarins og til meðferðar tekin málefni, er að nefndum lögum ber undir þingið.

Reykjavík, 29 júní 2020.

Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri.

(2020014104

Útgáfud.: 2. júlí 2020

Heimild veitt til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 2020 var City Park Hótel ehf., kt. 631215-1220, Suðurlíð 35d, Reykjavík, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020.

Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 30. september 2020, klukkan 10.00 en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal 102, Dómhúsínu við Lækjartorg, Reykjavík.

Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Atli Már Ingólfsson lögmaður.

Arna Sigurjónsdóttir,

aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur.

(2020014392

Lögbirtingablað,
45. tölublað 2020.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.